



Reykjavík 2. apríl 2020

Kæra samstarfsfólk

Þakka ykkur fyrir þjónustu ykkar, hugmyndaauðgi og úthald á þessum óvenjulegum dögum. Samkomubann hefur verið framlengt og verður það í gildi um bænadaga og páska og allt fram í byrjun maí ef fram heldur sem horfir. Sem fyrr verður streymt helgistund á visi.is á sunnudögum og sunnudagaskóla á youtube.com og einnig á mbl.is. Vil ég nú upplýsa ykkur um það sem við í K4, þ.e. biskupsstofu, erum að undirbúa með ríkisútvarpinu um bænadaga og páska.

Á föstudaginn langa kl. 17 verður sent út á RUV sjónvarpi efni sem er tileinkað þessum degi og tekið upp í Háskólakapellunni. Þar verða fluttar hugleiðingar, ritningarlestur, bænir auk sálmaflutnings þeirra systkina Ellenar Kristjándóttur og KK. Einnig mun biskup Íslands leiða inn stundina og ljúka henni. Þennan sama dag verða Passísálmarnir lesnir a.m.k. á nokkrum stöðum og á einhverjum þeirra verða þeir sendir út á facebook síðu viðkomandi kirkju.

Á páskadag verður guðsþjónusta í Dómkirkjunni þar sem biskup Íslands prédikar venju samkvæmt á þessum degi. Messunni verður útvarpað á Rás eitt og einnig send út í Sjónvarpinu.

Mér var send sú hugmynd að kirkjuklukkum yrði hringt kl. 14 einu sinni í viku í 2 mínútur til stuðnings við heilbrigðisstarfsfólk og þau önnur sem koma að málum vegna covid 19. Ég tók þessari hugmynd vel og bið ykkur sem getið komið því við að hringja klukkunum hér eftir á mánudögum kl. 14 í tvær mínútur í áður nefndum tilgangi.

Margt getur beðið eða þarfnast nýrra hugsana meðan þetta ástand varir. En það sem ekki bíður eru útfarir þeirra sem látast. Borið hefur á því að fólk skrifi minningargreinar en sendi þær ekki inn vegna þess að það veit ekki hvenær útför fer fram. Bið ég ykkur því að orða það við aðstandendur ef þið hafið færi á að óhætt er að senda minningargreinar inn til Morgunblaðsins og einnig að auglýsa andlátíð/jarðaförina þó hún geti ekki farið fram með margmenni eins og oftast er hér á landi.

Fyrirspurn hefur borist biskupsstofu um það hvort starfsfólki kirkjunnar, t.d. organistum og kirkjuvörðum stæði til boða að sækja um hlutastarfaleið ríkisstjórnarinnar. Svar okkar er að þessar efnahagsaðgerðir snúast um að koma til aðstoðar þeim atvinnurekendum sem eru að missa tekjur og skapa þær aðstæður að þeir grípi frekar til þess ráðs að minnka starfshlutfall starfsmanna sinna, heldur en að segja þeim upp. Enn sem komið er missa sóknir ekki tekjur með sama hætti og margir aðrir atvinnurekendur, því sóknargjöldin halda áfram að koma. Að

sjálfsögðu getur þó verið samdráttur í öðrum tekjum sókna t.d. vegna útleigu húsnæðis o.s.frv. Það er þá kannski orðin siðferðileg spurning hvort sóknir eigi að nýta sér þetta til að spara launakostnað enda e.t.v. óeðlilegt að hafa menn á launum við að gera minna en áður. Sóknir eru með sömu stöðu og aðrir vinnuveitendur og starfsmenn þeirra og verktakar sömuleiðis. Það var nýverið sent út bréf til allra sókna vegna verktaka.

Hugur minn þessa dagana er sérstaklega hjá þeim þúsundum sem misst hafa vinnuna eða þurfa að sætta sig við minnkað starfshlutfall. Slíku fylgir gríðarleg óvissa, kvíði og vandi sem steðjar því að fjölda fjölskyldna þessa lands. Ég bið ykkur sérstaklega að biðja fyrir þeim öllum og einnig finna leiðir til að styðja við einstaklinga og fjölskyldur sem eru í þeirri erfiðu stöðu.

Ég bið ykkur góðrar helgar og endurtek þakkir mínar til ykkar. Við Íslendingar erum vertíðarfólk. Við höldum út í tórnum. Þessari törn sem nú stendur yfir er ekki að ljúka á allra næstu dögum og við þurfum að halda þetta ástand út. Treystum Drottni hér eftir sem hingað til. Treystum því að Guð gangi með okkur í þessu stóra verkefni heimsins nú um stundir.

„Þakkið Drottni því að hann er góður, því að miskunn hans varir að eilífu.“ Sálm. 118:1

Með bæn um blessun Guðs í lífi og starfi,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.